

# Fréttabréf Fljótsdalshrepps og Fagrar framtíðar í Fljótsdal 2021



## Samfélagssjóður Fljótsdals – Nýtt tímabil að hefjast!

Næstkomandi **fimmtudaginn 21. janúar** munum við opna fyrir umsóknir í Samfélagssjóðinn í annað sinn frá stofnun hans. Að því tilefni er boðað til fundar í **Végarði kl. 16:00** þann dag. Vegna samkomutakmarkana er **mikilvægt að einstaklingar skrá sig** á fundinn fyrir kl 10:00 fimmtudaginn 21. janúar á netfangið [asdishelga@fljotsdalur.is](mailto:asdishelga@fljotsdalur.is) eða í síma 4703810/8996172

Minnt er á að aðeins er leyfilegt er fyrir **20 manns** að koma saman og viðhafa þarf sóttvarnir, þ.e. sóttthreinsa hendur og bera grímu þegar ekki er hægt að tryggja 2 m. Ef fjöldi skráðra fer yfir 20 munum við athuga með að senda fundinn út innan hópsins Fögur framtíð í Fljótsdal.

Dagskrá:

- Signý Ormarsdóttir, formaður Samfélagssjóðs Fljótsdals. Úthlutunar- og matsreglur sjóðsins.
- Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri sjóðsins. Umsóknareyðublað og áherslur árið 2021.
- Ann-Marie Schlutz, frá Sauðagull kynnir fyrirtækið og hvernig styrkir hafa haft áhrif á uppbyggingu fyrirtækisins.



Munið að skrá ykkur tímanlega til fundar!

## Nýr verkefnaráðinn starfsmaður hjá sveitarfélaginu.

Fljótsdalshreppur hefur samið við Helgu Eyjólfsdóttur frá Melum til að aðstoða einstaklinga við örnefnaskráningar í sveitarfélaginu og afla upplýsinga um bújarðir sbr. Samfélagsþing og Fögur framtíð í Fljótsdal (FFF). Jafnframt mun hún sinna ákveðnum skilgreindum verkefnum fyrir Gunnarsstofnun er lítur að menningarminum. Áætlaðir eru 2-3 mánuðir í þessa vinnu. Helga mun vera með aðstöðu í Végarði þegar hún er í dalnum en einnig vinna ákveðna fjarvinnu frá heimili sínu í Þingeyjarsýslu.



Til að byrja með mun Helga bjóða uppá maður á mann námskeið fyrir þá aðila sem tilkynntu áhuga sinn á að skrá örnefni til verkefnastjóra FFF og hafa fengið gögn frá Landmælingum til að vinna út frá. Mikilvægt er að fólk bóki tíma með Helgu þannig að hægt sé að skipuleggja tímann vel. Einnig þiggjum við allar ábendingar um heimildarmenn sem þekkja vel ákveðnar jarðir eða stærra svæði. Helga mun auk þess hafa samband við landeigendur sem ekki voru búnir að láta vita af áhuga sínum og aðstoða þá við að kortleggja það sem vitað er í tengslum við jarðirnar enda er stefnan að reyna að klára sem mest af örnefnaskráningunum í sveitarfélaginu.

Hægt er að hafa samband við Helgu Eyjólfsdóttur í gegnum netfangið [helgaeyj@gmail.com](mailto:helgaeyj@gmail.com) eða í síma: 848 2228.

## Austurbrú með verknámsnema í viðburðastjórnun.

Sylvía Helgadóttir nemi í viðburðastjórnun við Hólaskóla mun á vormánuðum stunda verknám hjá Austurbrú með verkefnastjóra Fagrar framtíðar í Fljótsdal sem aðalleiðbeinanda verknámsstaðar. Sylvía mun því fá að kynnast viðburðahaldi innan Austurbrúar sem og taka virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum Fagrar framtíðar í Fljótsdal. Á verknámstímanum mun hún vinna sjálfstætt að því að móta, undirbúa og framkvæmda viðburð.

Við bjóðum Helgu og Sylvíu velkomna til náms og starfa í Fljótsdal og hvetjum ykkur til að taka vel á móti þeim – og auðvitað að skrá ykkur á fundinn um Samfélagssjóðinn.